

Samkeppnisreglur Arkitektafélags Íslands

1. Samkeppni arkitekta

Arkitektafélag Íslands (AÍ) veitir aðstoð við samkeppni um verkefni í byggingarlist, skipulagsmálum og öðrum verkefnum á starfssviði arkitekta, og er þá farið eftir reglum þessum. Útbjóðandi ber ábyrgð á framkvæmd samkeppni. Samkeppni kallast hér, þegar tveimur eða fleirum arkitektum er falið að gera tillögu að sama úrlausnarefni og dæmt er um þær á grundvelli keppnislýsingar og eftirfarandi samkeppnisreglna.

Fylgigögn með samkeppnisreglum eru:

Fylgiskjal nr. 1: Verklagsreglur dómnefnda í samkeppnum á vegum Arkitektafélags Íslands

Fylgiskjal nr. 2: Verklagsreglur trúnaðarmanna í samkeppnum á vegum Arkitektafélags Íslands.

Fylgiskjal nr. 3: Forval - Leiðbeiningar Arkitektafélags Íslands

Fylgiskjal nr. 4: Grunnkeppnislýsing Arkitektafélags Íslands

Fylgiskjölin teljast hluti af samkeppnisreglum AÍ.

2. Form og tilhögun samkeppni

Form samkeppni er tvenns konar:

- a) Framkvæmdakeppni, þar sem útbjóðandi leitar eftir höfundi og tillögu til útfærslu.
- b) Hugmyndakeppni, þar sem útbjóðandi er fyrst og fremst að lýsa eftir grundvallar hugmyndum til lausnar ákveðins viðfangsefnis, en útfærsla þarf ekki nauðsynlega að vera fyrirhuguð í framhaldi af keppni.

Tekið skal skýrt fram í keppnislýsingu hvort um framkvæmda- eða hugmyndasamkeppni sé að ræða.

Tilhögun beggja forma samkeppni getur verið með eftirfarandi hætti:

- Almenn keppni, sem opin er öllum þeim, er uppfylla skilyrði keppnislýsingar, sbr. gr. 4.
- Boðskeppni, þar sem einungis keppa boðnir þátttakendur, sem nafngreindir eru í keppnislýsingu. Keppendur skulu valdir í opnu forvali.
- Blönduð keppni, þar sem almenn keppni og boðskeppni er fléttað saman með því að bjóða nokkrum þátttakendum, en heimila jafnframt almenna þátttöku sbr. gr. 4.
- Tveggja þrepa keppni, þar sem seinna þrepið er framhaldskeppni valinna tillagna úr fyrra þrepi.

3. Kostnaður vegna samkeppni

Útbjóðandi ber allan kostnað af undirbúningi og framkvæmd samkeppni, þ.m.t. laun allra dómnefndarmanna og kostnað við útgáfu verðlaunatillagna. Útbjóðandi og AÍ gera með sér samning um samkeppnishaldið áður en dómnefnd tekur til starfa. Þar skal tekin fram heildarverðlaunaupphæð, laun dómnefndarfulltrúa AÍ og trúnaðarmanns, auk þóknunar til AÍ fyrir veitta aðstoð og afnot af gögnum þess. Þóknun til AÍ skal að jafnaði vera 10% af heildarverðlaunaupphæð.

Heildarverðlaunaupphæðin skal að lágmarki vera tvöföld greiðsla fyrir það vinnuframlag sem beðið er um og skal greiðast þegar dómur er birtur. Úthluta skal allri verðlaunaupphæðinni skilyrðislaust. Í keppnislýsingu skal koma fram heildarupphæð verðlauna og heildarupphæð aukaverðlauna. Í boðskeppnum skal þóknun allra þátttakenda vera jöfn. Verðlaun teljast aldrei vera hluti af endurgjaldi vegna hönnunar.

4. Þátttaka

Í keppnislýsingu skal koma skýrt fram hverjir hafa rétt til þátttöku.

Auk dómara, trúnaðarmanns, ritara dómnefndar og ráðgjafa dómnefndar, er þátttaka óheimil þeim sem rekur teiknistofu með þessum aðilum, vinnur að verkefnum með þeim eða er þeim nátengdur. Vafatilfelli skal bera undir stjórn AÍ. Með afhendingu á tillögu í samkeppni, telst þátttakandi samþykkja dómnefnd og keppnisgögn.

5. Nafnleynd

Samkeppni skal framkvæma að viðhafðri nafnleynd keppenda, nema annað sé tekið fram sérstaklega. Keppendur skulu velja sér auðkenni, sem þeir merkja öll gögn tillögunnar með, þ.m.t. lokað umslag með nafnmiða. Þar skal skýrt tekið fram, hver er höfundur tillögunnar.

6. Jafnræði

Grundvallaratriði er að keppendum sé veitt sú trygging, að allir taki þátt í samkeppninni á jafnréttisgrundvelli s.s. að öllum þátttakendum séu veittar sömu upplýsingar og að fullvissa sé um að dómnefnd viti ekki hverjir standa að baki tillögum.

7. Dómnefnd

Dómnefnd sér um framkvæmd dómsstarfa og dómsniðurstöðu. Dómnefnd skal starfa í samræmi við fylgiskjal 1 (“Verklagsreglur dómnefnda....”). Tala dómnefndarmanna skal vera oddatala, 3, 5 eða 7. Útbjóðandi tilnefnir 2 af 3, 3 af 5 eða 4 af 7 dómnefndarmönnum. A.m.k. einn fulltrúi útbjóðanda skal vera arkitekt, eða annar sérfræðingur á því sviði sem keppt er um. Stjórn AÍ tilnefnir 1 af 3, 2 af 5 eða 3 af 7 dómnefndarmönnum að fenginni tillögu samkeppnisnefndar AÍ. Heimilt er að skipa stærri dómnefnd vegna sérstakra aðstæðna og skal hlutfall fulltrúa í dómnefnd vera hið sama og áður greinir. Útbjóðandi tilnefnir formann dómnefndar eða felur nefndinni að skipta með sér verkum. Dómnefnd getur leitað álit sérfræðinga, og skal nafngreina þá í keppnislýsingu. Ef nauðsynlegt reynist má dómnefnd kalla til aðra sérfræðinga en þá sem getið er í keppnislýsingu, og skal trúnaðarmaður þá tilkynna þátttakendum nöfn þeirra tafarlaust.

8. Keppnislýsing

Dómnefnd semur keppnislýsingu í samráði við útbjóðanda. Keppnislýsing lýsir viðfangsefni samkeppninnar og gagnkvæmum kvöðum og skyldum útbjóðanda, dómnefndar, keppenda og AÍ. Nota skal staðlaða grunnkeppnislýsingu AÍ (fylgiskjal 4). Mikilvægt er að í keppnislýsingu sé gerður greinarmunur á ábendingum og óskum annars vegar og ófrávíkjanlegum skilyrðum hins vegar. Keppnislýsing öðlast gildi þegar allir dómnefndarmenn, útbjóðandi og AÍ hafa samþykkt hana. Dómnefnd er bundin af samþykktri keppnislýsingu. Í keppnislýsingu skal kveðið á um málskotsheimildir að lokinni samkeppni.

9. Dómsstörf

Dómnefnd, starfsmenn hennar og ráðgjafar skulu starfa eftir fylgiskjali 1: (“Verklagsreglur dómnefnda...”). Aðeins dómnefnd, ritari og ráðgjafar (sérfræðingar) mega vera viðstaddir dómsstörf og eru þeir allir bundnir þagnarskyldu. Ritari, sem ekki er í dómnefnd tjáir sig ekki um tillögur. Sérfræðingur dæmir ekki og fjallar aðeins um sitt sérsvið. Ákvarðanir má einungis taka að dómnefnd fullskipaðri. Niðurstöður og sérálit skal færa til bókar. Áður en dómsstörf hefjast skal dómnefnd taka afstöðu til þess hvaða tillögum skuli vísa frá vegna:

- a. frávíks frá skilafresti
- b. rofinnar nafnleyndar
- c. ófullnægjandi framlags.

Gögn umfram það sem óskað er eftir, skal ekki taka til dóms. Tillögur sem víkja verulega frá keppnislýsingu, má veita sérstaka viðurkenningu en ekki verðlauna.

10. Dómnefndarálit

Í greinargerð dómnefndar skal eftirfarandi koma fram:

1. Almenn yfirlit, þar sem lýst er þeim megin sjónarmiðum, er dómur byggist á.
2. Umsögn um tillögur sem teknar eru til dóms.
3. Skipting verðlaunaupphæðar. Tillögum sem ekki eru verðlaunaðar eða veitt aukaverðlaun, en varpa fram athyglisverðum hugmyndum, að mati dómnefndar má veita viðurkenninguna “athyglisverð tillaga”.
4. Ráðleggingar til útbjóðanda um málsmeðferð að lokinni samkeppni. Í framkvæmdakeppni skal mælt með 1. verðlauna tillögu til útfærslu eða áframhaldandi vinnu með höfundu hennar.

Telji dómnefnd ástæðu til að taka einhverja eða einhverjar tillögur ekki til dóms er henni skilt að gera skriflega grein fyrir ástæðum þess.

11. Trúnaðarmaður og ritari

Stjórn AÍ tilnefnir trúnaðarmann, að höfðu samráði við útbjóðanda. Trúnaðarmaður skal við störf sín fara eftir fylgiskjali 2: “Verklagsreglur trúnaðarmanna...”.

Trúnaðarmaður skal ekki láta staðgengil sinna starfi sínu, nema að höfðu samráði við stjórn AÍ. Dómnefnd tilnefnir ritara.

12. Nafnleynd rofin

Þegar gerðarbók dómnefndar hefur verið samþykkt og undirrituð, skal nafnleynd rofin á öllum tillögum. Á nafnmiða geta þátttakendur beðist undan nafnbirtingu. . Komi upp álitamál um þátttökurétt höfundar verðlaunaðrar eða keyptrar tillögu hafi ekki þátttökurétt, skulu viðbrögð við því ákveðin af dómnefnd í samráði við stjórn AÍ og útbjóðanda.

13. Kynning tillagna

Að dómi loknum, skal halda opinbera sýningu á öllum keppnistillögum, ásamt dómnefndaráliti. Sýningin skal standa í minnst eina viku. Útbjóðanda er heimilt að kynna samkeppnistillögur á veraldarvefnum, sem og í öðrum miðlum, áður og eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Útbjóðandi skal fella saman öll rafræn gögn um keppnina á viðurkennt vistunarform og afhenda AÍ til vistunar og birtingar.

14. Útgáfa

Útbjóðandi skal að lokinni samkeppni gefa út dómnefndarálit og yfirlit um a.m.k. verðlaunaðar tillögur (aðal- og aukaverðlaun) og tillögur sem hlotið hafa viðurkenninguna sem athyglisverðar tillögur, en í boðskeppni allar tillögur. Þar skal höfunda, samstarfsmanna og ráðgjafa getið.

Aí skal skv. 13. gr. hafa fullan aðgang að öllum tillögum og útgáfugögnum samkeppna til frekari birtinga á niðurstöðum.

Aí skal birta allar tillögur samkeppni sbr. gögn frá útbjóðanda á heimasíðu AÍ. Birtingar tillagna samkeppna á heimasíðu AÍ gefa ekki þriðja aðila rétt til að birta annars staðar eintök af þeim, dreifa þeim eða nýta með öðrum hætti, nema með samþykki höfundar, enda njóta samkeppnistillögur í samkeppnum AÍ verndar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972.

15. Eignaréttur, höfundaréttur, afnotaréttur

Útbjóðandi öðlast afnotarétt af verðlaunuðum tillögum, með þeim takmörkunum sem lög um höfundarrétt kveða á um. Þeim sem falin er framhaldsvinna eftir samkeppni, er aðeins heimilt að nýta sér hugmyndir úr verðlaunuðum tillögum að hann sé sjálfur höfundur verðlaunaðrar tillögu. Til þess að nota verðlaunaða tillögu í heild eða að verulegu leyti, þarf samþykki viðkomandi höfunda. Hönnunarsafn Íslands tekur við öllum samkeppnistillögum til varðveislu.

16. Verk að lokinni samkeppni

Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Telji útbjóðandi höfund tillögu ekki hafa fullnægjandi reynslu til að taka að sér verkið, skal hann, í samráði við stjórn AÍ, gefa höfundi kost á að velja sér samstarfsmann með nægilega reynslu að mati stjórnar AÍ og útbjóðanda. Hafi útbjóðandi aðrar ástæður til að víkja frá meðmælum dómnefndar, skal hann hafa samráð við stjórn AÍ. Ef útbjóðandi óskar eftir að framkvæma samkvæmt annarri tillögu en þeirri sem dómnefnd mælir með getur hann keypt sig frá niðurstöðunni með því að greiða viðkomandi verðlaunahafa upphæð sem er jafnhá verðlaunum hans. Þetta á aðeins við um framkvæmdasamkeppnir. Dómnefndarmenn, ritari dómnefndar, ráðgjafar og þeir sem koma að undirbúningi samkeppninnar og aðrir þeim nátengdir, mega ekki taka verkið að sér.

Fyrst gefið út og samþykkt 14. janúar 1948.

Síðast endurskoðað og samþykkt á aðalfundi AÍ 29. febrúar 2016.